

Nr. 439

26. apríl 2017

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir afmarkaða starfsemi með erfðabreyttar lífverur aðrar en örverur, ásamt afmarkaðri starfsemi fyrir erfðabreyttar örverur

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Orf Líftækni hf. við Víkurhvarf 7, 203 Kópavogi, til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur, í samræmi við ákvæði laga um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerð nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera, reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera annarra en örvera og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Við gildistöku leyfisins fellur niður eldra leyfi Orf Líftækni hf. gefið út af Umhverfisstofnun 28. febrúar 2013, fyrir Víkurhvarf 3.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 26. apríl 2027.

Umhverfisstofnun, 26. apríl 2017.

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri.

Sigrún Ágústsdóttir sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2017